



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 23. mars 2021

R19020180

4450

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rýmingu Fossvogsskóla og framhald kennslu

Á fundi borgarráðs þann 18. mars 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Í þrjú ár hafa nemendur Fossvogsskóla þurft að kljást við veikindi og óvissu með skólahald. Ljóst er að viðgerðir og endurbætur á húsnæði Fossvogsskóla hafa ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt. Nú hefur verið ákveðið að rýma skólann, en ljóst er að ekkert plan liggur fyrir um hvernig skólahaldi verður fram haldið. Hvernig stendur á því? Skortur á upplýsingum og yfirlýsingum skapað griðarlegt vantraust á borgaryfirvöld sem erfitt verður að endurheimta. Heilsa barnanna verður að fá að njóta vafans og borgaryfirvöld verða að axla þá ábyrgð sem þau hafa í þessu hörmungarmáli. Það vekur undrun að þetta mál hafi ekki verið á dagskrá borgarráðs í morgun.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Svar við fyrirspurn.

Á fundi borgarráðs þann 18. mars s.l. fór fram yfirferð á stöðu mála vegna húsnæðis Fossvogsskóla. Að ósk ráðsmanna tók sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs sæti á fundinum og fór ítarlega yfir stöðuna og svaraði spurningum. Kvöldið áður hafði verið tekin ákvörðun um að loka skólanum að ósk foreldra. Þann 19. mars s.l., var tilkynnt að starf Fossvogsskóla yrði fært í Korpuskóla þar sem hægt er að koma allri starfsemi Fossvogsskóla fyrir á einum stað í sérhönnuðu skólahúsnæði.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari